

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 978

**Dagsetning:** 21. mars 2023 klukkan 9:00

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Óskar Reykdalsson, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Jónas Guðmundsson, sem ritaði fundargerð.

Brjánn Jónasson var fjarverandi vegna veikinda.

**Gestir fundarins:**

Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir sat fundinn undir lið 4.

## I. Efni til kynningar

### 1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

Heimsóknir: Heilsugæslan Grafarvogi, Geðheilsuteymi HH austur, Heilsugæslan Efstaleiti.

## II. Efni til Umræðu

### 2. KSÍ og sjúkraskrá

KSÍ hefur óskað eftir fundi um endurskoðun á samningi um hýsingu sjúkraskrár fyrir knattspyrnufólk. Boðið verður til fundar með sambandinu.

### 3. Samræmt verklag fyrir þolendur kynferðisofbeldis

Fram kom að gerð hefur verið grein fyrir verklagi starfsstöðva HH fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Aðrar heilbrigðisstofnanir úti á landi þurfa að móta sambærilegt verklag og á höfuðborgarsvæðinu.

### 4. Grafarvogur

Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir svæðisstjóri Heilsugæslunnar Grafarvogi kom á fundinn og ræddi stöðu heilsugæslustöðvarinnar. Ákveðið var í ljósi erfiðrar stöðu að framlengja starf núverandi fagstjóra lækninga um eitt ár án auglýsingar.

### 5. Eftir heimsókn á Sólvang

Tekið var fyrir bréf frá stjórnendum Heilsugæslunnar Sólvangi þar sem bent var á nokkur atriði til að draga úr álagi á stöðina. Skoðað verður hvernig hægt væri að stýra álaginu með tæknilausnum og breyttu verklagi. Hugmyndirnar verða ræddar á fundum með fagstjórum.

## 6. Færni og heilsumatsnefnd

Fram hafa komið óskir um meiri ritarþjónustu hjá færni- og heilsumatsnefnd. Leitast verður við að mæta þessum óskum með tilfærslum innan stofnunarinnar.

## 7. Upplýsingamiðstöð HH og bólusetningar

Athugasemdir hafa borist frá Sjúkratryggingum Íslands vegna samstarfs Upplýsingamiðstöðvar og Heilsugæslunnar Mjódd um bólusetningar ferðamanna. Framkvæmdastjórar lækning og hjúkrunar munu óska eftir fundi með SÍ til að fara fyrir málið.

## 8. Heilsubrú og námskeið – og rekstur

Fram kom að þörf er á að móta frekar skipulag reksturs í fyrirhugaðri heilsubrú HH. Ákveða þarf mönnun og verkefni starfsstöðvarinnar. Verið er að ganga frá leigusamningi fyrir starfsemina í Þönglabakka 6.

### III. Efni til afgreiðslu

## 9. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 14. mars 2023 var samþykkt án athugasemda.

## 10. Samgöngustyrkur

Kynnt var endurskoðun á samkomulagi um samgöngustyrk fyrir starfsmenn Heilsugæslar Mjódd. Niðurstaðan hefur verið rædd við stjórnendur heilsugæslustöðvarinnar.

### Önnur mál

## 11. Ársfundur

Ársfundur HH verður boðaður 25. maí.

## 12. Ítarlegri niðurstöður starfsánægjukönnunar

Kynnt var að ítarlegri niðurstöður könnunar á starfsnágu innan stofnana ríkisins hafa borist. Þær sýna niðurstöður fyrir hverja starfsstöð HH. Haldinn verður sérstakur fundur framkvæmdastjórnar um málið og einnig fundir á hverri starfsstöð HH.

## 13. Húsnæðismál

Rætt var um nýjustu fréttir af húsnæðismálum HH. Beðið er eftir niðurstöðu um húsnæði fyrir Geðheilsumiðstöð barna. Bregðast þarf við umræðu um húsnæði Heilsugæslunnar Grafarvogi.

## 14. Mönnunarmál

Farið var yfir skort á starfsfólki á þremur starfsstöðvum.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan kl. 11.00